

Mánudaginn 28. júlí 1919.

Nr. 68/1918:

Gissur Filippusson
 gegn
 Valdemar Jónssyni
 og Helga Jónssyni.

D ó m u r :

Mál þetta var í undirrétti rekið sem aðalsök og gagnsök. Aðalsökina höfðu hinir stefndu Valdimar Jónsson afgreiðslumaður í Reykjavík og Helgi Jónsson bóndi í Tungu hér í bænum gegn Gissuri Filippussyni véla-smið til þess að fá hann dæmdan til að greiða þeim skaðabætur að upphæð 3450 kr. með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 9. marz 1917 til greiðsludags, eða til vara þá upphæð, er tveir óvilhallir dómkvaddir menn meta, og málskostnað eftir mati réttarins. Áfrýjandi Gissur Filippusson höfðaði hins vegar gagnsök gegn hinum stefndu og krafðist þess í aðalsökinni að verða sýknaður af kröfum þeirra og þeir yrðu dæmdir til að greiða honum 648 kr. 83 a. með 5% ársvöxtum frá dags. sáttakærunnar í gagnsökinni 29. marz 1917 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, eða eftir mati réttarins.

Málum þessum lauk svo fyrir bæjarþinginu með dómi uppkeðnum 30. maí f. á., að í aðalsökinni var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu skaðabætur fyrir tjón það, sem tveir óvilhallir dómkvaddir menn meta að þeir hafi beðið við það að

aðgjörð áfrýjanda á vélinni í vélbát þeirra Sæbjörn var óforsvaranleg, þó ekki yfir 3450 kr. með 5 % ársvöxtum frá 9. marz 1917 til greiðsludags, en í gagnsökinni voru stefndu dæmdir til að greiða áfrýjanda 648 kr. 83 a. með 5 % ársvöxtum frá 29. marz 1917 til greiðsludags og var málskostnaður bæði í aðalsök og gagnsök látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Gissur Filippusson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 29. nóv. f. á. og krafist þess að hinum áfrýjanda dómi verði hrundið og breytt þannig að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum hinna stefndu, en dómurinn í gagnsökinni staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Hinir stefndu hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 3. marz þ. á. og krafist þess, að allar kröfur þeirra fyrir undiréttti bæði í aðalsök og gagnsök verði teknar til greina, en til vara að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er aðalsökina snertir og loks krefjast þeir málskostnaðar fyrir yfirdómi.

Tildrög máls þessa eru þau, að haustið 1916 beiddu stefndu áfrýjanda að athuga og gjöra við vélina í mótorbát þeirra Sæbirni. Halda stefndu því fram, að áfrýjandi hafi lofað að gjöra við vélina svo að hún yrði sem ný, en áfrýjandi heldur því hins vegar fram að hann hafi engu lofað um þetta, stefndu hafi ráðið því hvernig gjört var við vélina, horft í kostnaðinn og því ekki viljað hafa viðgerðina eins ábyggilega eins og hann hafi ráðið þeim til.

Frá hvorugra hálfu hafa komið fram neinar sananir fyrir þessum staðhæfingum, en út frá því verður að ganga að viðgerðin hafi átt að vera forsvaranleg, og heldur áfrýjandi því fram að svo hafi verið.

Eftir að aðgerð þessari var lokið og búið að setja vélina í bátinn var hún atbuguð af eftirlitsmanni Samábyrgðarinnar og reynd í bátnum á sjó, og heldur áfrýjandi því ómótmælt fram, að eftirlitsmaðurinn hafi gefið henni það vottorð til Samábyrgðarinnar að hún væri í besta standi og hafi hann auk þess látið í ljósi við áfrýjanda að vélin væri ágæt. Eftir þetta var báturinn sendur til Sandgerðis á fiskiveiðar — en hvenær það var sést ekki í málinu. — Halda stefndu því fram, að þá hafi brátt farið að koma fram gallar á vélinni í þeim hlutum hennar, sem áfrýjandi hafði gert við, vélin hafi alltaf verið að smábila, en þó hafi verið hægt að koma henni til gangs aftur, þar til í fiskiróðri 23. jan. 1917, að hún hafi alveg bilað, og var bátnum þá bjargað til lands af ensku botnvörpuskipi og dreginn til Reykjavíkur. Skýra stefndu svo frá, að botnvörpuskipið hafi tekið 4500 kr. í björgunarlaun og hafi $\frac{1}{5}$ hluti af þeirri upphæð fallið á þá eða 900 kr. Við þetta atvik hafi báturinn tapað veiðarfærum fyrir 600 kr. Hafi síðan áfrýjandi ásamt öðrum vélasmið tekið vélina aftur til viðgerðar; hafi þessi viðgerð tekið langan tíma og telja stefndu að þeir við allt þetta hafi orðið fyrir aflatjóni að upphæð 2950 kr. Skaði sá, sem stefndu halda fram, að þeir hafi orðið fyrir sökum bilunar á vélinni, er þannig kr. 900.00+600.00

+2950.00 = kr. 4450.00, en í málinu hafa þeir þó ekki gert kröfu til hærri skaðabóta en 3450 kr., en með því að þessi bilun vélarinnar hafi stafað af óforsvaranlegri viðgerð áfrýjanda á henni, telja þeir að honum beri skylda til að bæta þeim tjón þeirra. Þessari kröfu sinni til stuðnings fengu stefndu hinn 23. febr. 1917 tvo menn útnefnda af bæjarfógetanum í Reykjavík til að skoða og athuga umrædda vél, og segja álit sitt um hana, sérstaklega um viðgerð þá, er áfrýjandi hafði gert. Í skoðunargerð þeirri, er menn þessir hafa gert og framkvæmd var 2. marz s. á., tala skoðunarmennirnir að eins um einn hluta vélarinnar, skrófuöxulinn; var viðgerð áfrýjanda á þessum vélarhluta í því fölgín að lengja öxulinn með því að skrófa við hann stálbút, og telja skoðunarmennirnir að þessi samsetning hafi ekki verið nægilega traust eða vel af hendi leyst. Svo hafa stefndu lagt fram vottorð frá smíð þeim, er hafði vélina til viðgerðar á eftir áfrýjanda og hefir hann fyrir rétti látið það álit sitt í ljósi að sumir af göllum þeim, er verið hafi á mótornum, hafi verið hroðvirknislegri viðgerð áfrýjanda að kenna.

Gagnvart þessu heldur áfrýjandi því fram, að viðgerð sín hafi verið vel og forsvaranlega af hendi leyst og vitnar hann í þessu efni til umgetins vottorðs eftirlitsmanns Samábyrgðarinnar, og heldur því fram, að bilun vélarinnar hafi eingöngu verið að kenna illri meðferð á henni, eftir að hann gerði við hana. Hann mótmælir umræddri skoðunargerð sem algerlega óábyggilegri, með því að hún hafi verið

gerð löngu eftir að viðgerðin fór fram, og bendir á að skoðunarmennirnir hafi ekki athugað vélina eftir að hann skilaði bátnum frá sér, ekki einu sinni eftir að bátnum var bjargað, heldur löngu síðar eftir aðúið var að taka vélina úr bátnum og eftir að margir voru búnir að fást við mótórin, og hann heldur því fram að þeir gallar á viðgerðinni, sem skoðunarmennirnir hafi fundið að, hafi ekki verið til staðar, er hann skilaði mótornum frá sér. Af sömu ástæðum mótmælir hann nefndu vottorði og vitnisburði vélasmiðsins.

Það skal tekið fram, að vélstjóri sá, er var á bátnum, er vélin bilaði 23. jan. 1917, hefir ekki verið látinn gefa skýrslu um bilun vélarinnar eða orsökina til þess. Engar skýrslur eru heldur um það í málinu, að vélin hafi verið skoðuð eftir að bátnum hafði verið bjargað, en þar sem umgetin skoðunargerð var framkvæmd löngu síðar, eftir að vélin hafði verið tekin úr bátnum, þykir eigi fært gegn mótmælum áfrýjanda að telja sannað að bilun vélarinnar hafi stafað af óforsvaranlegri viðgerð áfrýjanda. Ekki verður þetta heldur byggt á vottorði vélasmiðsins meðal annars sökum þess að hann tók ekki við vélinni úr höndum áfrýjanda. Þegar af þessari ástæðu verður skaðabótakrafan ekki tekin til greina. Verður því að breyta hinum áfrýjaða dómi að þessu leyti og sýkna áfrýjanda af skaðabótakröfu hinna stefndu.

Að því er til gagnsakarinnar kemur, kröfu áfrýjanda á hendur stefndu um greiðslu eftirstöðv-

anna af viðgerðarkostnaðinum, hafa stefndu fyrir undirrétti krafist þess að gagnkröfunni verði vísað frá dómi, en þessi krafa hefir ekki við rök að styðjast og verður ekki tekin til greina. Varakrafa stefndu um sýknun verður heldur ekki tekin til greina, með því að þeir hafa ekki haldið því fram að viðgerðarkostnaðurinn væri fullgreiddur. Og kemur þá til álita þrauta-varakrafa stefndu um niðurfærslu á reikningi áfrýjanda yfir viðgerðarkostnaðinn. Áfrýjandi hefir lagt fram í málinu skjal ritað á víxileyðublað, en án þess greiðsludagur sé tilgreindur þess efnis, að stefndi, Valdemar Jónsson, greiði honum 648 kr. 83 au. og er samþykki Valdemars ritað þvert yfir skjalið eins og á víxli. Áfrýjandi heldur því fram, að með áritun þessari á skjalið, sem hljóðar um eftirstöðvarnar af viðgerðarkostnaðinum, sé reikningurinn viðurkendur og samþykktur af stefnda, Valdemar Jónssyni, sem hafi verið útgerðarstjóri vélbátsins. Stefndu hafa ekki neitað því, að skjal þetta hljóði um eftirstöðvarnar af viðgerðarkostnaðinum, en þeir halda því fram að Valdemar Jónsson hafi neyðst til þess að rita samþykki sitt á skjalið, til þess að fá frá áfrýjanda stykki úr vélinni, er hafi verið í vörzlum hans, og auk þess hafi Valdemar ekki einn verið bær um að samþykkja reikninginn svo bindandi væri fyrir báða eigendur bátsins. Á þetta verður ekki fallist. Eftir því sem fram er komið í málinu, var það Valdemar Jónsson er upphaffega samdi við áfrýjanda um viðgerðina fyrir sína hönd og meðeiganda síns, og þar sem hér

var að ræða um eftirstöðvar af kostnadi við þá viðgerð, og þar sem það auk þess er viðurkent að Valdemar skrifaði undir skjalið til þess að fá frá áfrýjanda annan hlut, sem var hluti af félagseigninni, verður að lita svo á, að hann, hvað þessa viðgerð snertir, hafi komið fram sem útgerðarstjóri gagnvart áfrýjanda, og verður þá að telja samþykki hans á eftirstöðvunum af umræddum viðgerðarkostnadi bindandi fyrir báða hina stefndu

Samkvæmt framansögðu verða þannig úrslit máls þessa þau, að í aðalmálinu á áfrýjandi að vera sýkn af kröfum hinna stefndu, en í gagnsökinni verður að dæma þá til að greiða áfrýjanda 648 kr. 83 a. með vöxtum eins og krafist er. Eftir málavöxtum þykir mega láta málskostnað fyrir báðum réttum, bæði í aðalsök og gagnsök, falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Í aðalsökinni á áfrýjandi Gissur Filippusson að vera sýkn af kærur og kröfum hinna stefndu, Valdemars Jónssonar og Helga Jónssonar, en í gagnsökinni eiga stefndu in solidum að greiða áfrýjanda 648 kr. 83 a. með 5% ársvöxtum frá 29. marz 1917 til greiðsludags.

Málskostnaður bæði í aðalsök og gagnsök fyrir báðum réttum falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.